

# Sjóflokksreglur

## 1. Almennt

- 1.1. Sjóflokkur skal starfa innan björgunarsveitar Kjalar á Kjalarnesi.
- 1.2. Sjóflokkur hefur umsjón með þeim tækjum og búnaði sveitarinnar sem ætluð eru til notkunnar við sjó og vötn.
- 1.3. Umsjónarmaður búnaðar og tækja sjóflokks skal skipaður af stjórn og ber hann ábyrgð á að búnaðurinn og tækin séu tilbúin til útkalls fyrirvaralaust.
- 1.4. Umsjónarmaðurinn og stjórn sveitarinnar skulu sjá til þess að sjóflokksmenn séu staðkunnugir sínu svæði og hafi haldgóða þekkingu á þeim búnaði og tækjum sem flokkurinn hefur yfir að ráða.
- 1.5. Sjóflokkur skal sjá um að gengið sé vel um búnað, tæki og aðstöðu sjóflokks.
- 1.6. Stjórnendur tækja sjóhóps skulu vera virkir í innra starfi sveitarinnar og skulu teknir út af umsjónarmanni sjóflokks eða fulltrúa úr stjórn. Stjórnandi skal, ásamt því að uppfylla almennar reglur björgunarsveitarinnar Kjölur til að vera á útkallslista, jafnframt að hafa lokið námskeiðinu Öryggi við sjó og vötn og eftir atvikum Slöngubátur
- 1.7. Umsjónarmaður skal sjá til þess að til sé ítarlegur talningarlisti yfir uppsetningu og búnað á tækjum sjóflokks.
- 1.8. Stjórn sveitarinnar getur afturkallað réttindi til stjórnunar tækja sjóflokks ef þörf þykir.

## 2. Notkun tækja sjóflokks

- 2.1. Alla vinnu, bilanir, viðgerðir og siglingar á að færa til bókar. Einnig skal flokkurinn halda skrá yfir búnað í sinni umsjá.
- 2.2. Hafa skal samband við formann sveitar ef óskað er eftir tækjum til æfingar eða annarar notkunnar, þá skal samþykki formanns liggja fyrir. Ávallt skal upplýsa formann um ferðaáætlun.
- 2.3. Stjórnandi skal leitast við að hafa tryggja hlustun á TETRA og VHF rás 16 við notkun tækja.
- 2.4. Umsjónarmaður og stjórn sveitar bera ábyrgð á að tæki og búnaður sjóflokks séu ekki notuð til einkanota.
- 2.5. Ábyrgðarmaður tækja í ferð/æfingu þarf að sjá til þess að umsjónarmaður fái vitneskju af breyttu ástandi tækja að ferð lokinni. Umsjónarmaður ber ábyrgð á að formaður viti hvort tæki séu útkallshæf.
- 2.6. Stjórnendur tækja ber að nota öryggisbúnað og hjálm. Þá þurfa þeir að vera merktir björgunarsveitinni Kjöl og Slysavarnafélaginu Landsbjörg.
- 2.7. Farþegar tækja skulu ávallt vera með hjálm og viðeigandi öryggisbúnað. Þá ber stjórnendum tækja að sigla miðað við útbúnað farþega.
- 2.8. Þegar æfingarferðir eru stundaðar á sjóflokksstækjum sveitarinnar skal stefnt að því að fara á báðum tækjum björgunarsveitarinnar Kjalar.

2.9. Undanþága frá tveggja tækja reglunni getur formaður veitt ef æfingu á að stunda með öðrum björgunarsveitartækjum s.s. sjóflokkstækjum annara eininga Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Bátaflokksreglur samþykktar 10. Júní 2012

Sjóflokksreglur breytingar eftir aðalfund 3. Apríl 2019